

Framhaldsskólinn á Laugum

02 363

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumans	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Framhaldsskólinn á Laugum
kt. 410389-2589
Austurhlíðavegur, 650 Laugum

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli út í sveit. Mjög góð aðstaða er til náms, félagslífs og íþróttaiðkunar við skólann og heimavistaraðstaða er með því besta sem gerist á landinu. Kennir á sex námsbrautum, almennri námsbraut á fyrsta hæfniprepi, grunnnámsbraut á öðru hæfniprepi og fjórum námsbrautum til stúdentsprófs félagsvísinda-, íþrótt-, kjörsviðs- og náttúruvísindabraut. Um 100 nemendur stunda nám við skólann og koma þeir alls staðar að af landinu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefna svið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 422,4 milljónir og afkoma kr. 8,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 13,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 61,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans á Laugum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans á Laugum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Forstöðumaður

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	378.760.000	359.994.323
Aðrar tekjur	3	1.362.000	1.266.000
Vörusala	4	1.483.600	1.283.100
Framlög og ýmsar tekjur	5	35.317.903	29.433.755
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	5.460.752	4.362.042
Tekjur samtals		422.384.255	396.339.220
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	229.544.460	215.684.401
Framlög og tilfærslur		0	11.730.510
Annar rekstrarkostnaður	7	178.726.075	166.549.063
Afskriftir	8	5.460.752	4.362.042
Gjöld samtals		413.731.287	398.326.016
Afkoma fyrir fjármagnsliði		8.652.968	(1.986.796)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(1.458)	(2.605)
		(1.458)	(2.605)
Afkoma ársins		8.651.510	(1.989.401)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	8.651.510	(14.687.891)
Rekstrartilfærslur		0	12.698.490
		8.651.510	(1.989.401)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	9	744.222	1.368.052
Varanlegir rekstrarfjármunir:	10		
Áhöld, tæki og búnaður		28.349.868	19.435.205
Aðrar eignir		133.763	139.313
		<u>28.483.631</u>	<u>19.574.518</u>
Fastafjármunir samtals		<u>29.227.853</u>	<u>20.942.570</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	11	26.979.462	32.426.945
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.034.046	70.998
Handbært fé		3.789.226	2.702.305
Veltufjármunir samtals		<u>31.825.234</u>	<u>36.506.228</u>
Eignir samtals		<u>61.053.087</u>	<u>57.448.798</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		13.314.386	4.662.876
Eigið fé samtals		<u>13.314.386</u>	<u>4.662.876</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	232.190	97.371
Viðskiptaskuldir		2.490.705	2.915.171
Ýmsar skammtímaskuldir	13	13.479.196	25.776.018
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	31.536.610	23.997.362
Skuldir samtals		<u>47.738.701</u>	<u>52.785.922</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>61.053.087</u>	<u>57.448.798</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		8.651.510	(1.989.401)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	5.460.752	4.362.042
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(5.460.752)	(4.362.042)
		<u>8.651.510</u>	<u>(1.989.401)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		320.432	1.901.964
Tengdir aðilar		4.849.907	(9.427.983)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(12.721.288)	10.227.072
		<u>(7.550.949)</u>	<u>2.701.053</u>
		<u>1.100.561</u>	<u>711.652</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	10	(13.732.395)	(4.803.135)
		<u>(13.746.035)</u>	<u>(4.803.135)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		732.395	0
Fjárfestingarframlag		13.000.000	4.803.135
		<u>13.732.395</u>	<u>4.803.135</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.086.921	711.652
		<u>2.702.305</u>	<u>1.990.653</u>
		<u>3.789.226</u>	<u>2.702.305</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í forni afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum nemenda, kr. 6000 á önn.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisráðun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisráðunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisráðun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisráðunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	378.760.000	359.994.323
Tekjufærsla frestaðra tekna	5.460.752	4.362.042
	384.220.752	364.356.365

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	375.700.000	0	0	375.700.000
Fjáraukalög	(2.900.000)	0	0	(2.900.000)
Launabætur	1.700.000	0	0	1.700.000
Millifært úr varasjóð	2.300.000	0	0	2.300.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	1.960.000	0	0	1.960.000
Fjárveiting til tekna	378.760.000	0	0	378.760.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(370.108.490)	0	0	(370.108.490)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	8.651.510	0	0	8.651.510

	2021	2020
3 Aðrar tekjur		
Sala á vöru og þjónustu	1.362.000	1.266.000
	1.362.000	1.266.000

4 Vörusala		
Vörusala II	1.483.600	1.283.100
	1.483.600	1.283.100

5 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	26.712.284	18.027.250
Ýmsar tekjur	8.605.619	10.296.505
	35.317.903	29.433.755

	2021	2020
6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	184.719.767	172.803.826
Orlof, breyting	600.548	823.935
Launatengd gjöld	42.134.219	39.911.956
Starfsmannakostnaður	2.089.926	2.144.684
	229.544.460	215.684.401
Meðalfjöldi stöðugilda	20,5	21,3

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.221.583	914.983
Tæki og búnaður til innréttinga	0	580
Ýmis tæki og áhöld	775.048	919.294
Varahlutir og viðhaldsvörur	708.446	729.300
Orkugjafir	6.191.861	6.301.308
Matvæli	2.200.796	1.364.040
Almennar rekstrarvörur	1.772.915	1.290.417
Vörukaup, almenn	<u>12.870.649</u>	<u>11.519.922</u>
Kennslu- og fönurvörur	182.706	26.939
Ýmsar sérgreindar vörur	188.232	0
Vörukaup, sérgreind	<u>370.938</u>	<u>26.939</u>
Fundir, námskeið, risna	1.722.924	552.802
Ferðir, uppihald	784.809	1.177.555
Akstur	2.347.819	1.668.221
Sérfræðiþjónusta	4.553.816	4.037.486
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	184.141	135.772
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	4.033.353	1.861.460
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	690.255	912.695
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>14.317.117</u>	<u>10.345.991</u>
Afnotagjöld	2.074.458	1.989.604
Leigugjöld	138.811.498	134.002.074
Notkun véla og flutningatækja	249.500	201.379
Verkkaup	8.678.435	7.028.790
Kostnaðarhlutdeild	1.052.161	1.128.273
Tryggingar, lögboðnar	50.072	48.113
Opinber gjöld	65.847	60.538
Tilfærslur	185.400	104.840
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>151.167.371</u>	<u>144.656.211</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>178.726.075</u>	<u>166.549.063</u>
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	4.817.732	3.721.750
Aðrar eignir	5.550	5.550
Niðurfærsla óefnislegra eigna	637.470	634.742
	<u>5.460.752</u>	<u>4.362.042</u>

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
9 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	744.222	1.368.052
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		3.173.718
Viðbætur á árinu		13.640
		<u>3.187.358</u>
Niðurfært 01.01.2021		1.805.666
Niðurfærsla ársins		637.470
		<u>2.443.136</u>
Staða 31.12.2021		<u>744.222</u>

	31.12.2021	31.12.2020
10 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	28.349.868	19.435.205
Aðrar eignir	133.763	139.313
	<u>28.483.631</u>	<u>19.574.518</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	42.033.127	155.500	42.188.627
Viðbætur á árinu	13.732.395	0	13.732.395
	<u>55.765.522</u>	<u>155.500</u>	<u>55.921.022</u>
Afskriftir 01.01.2021	22.597.922	16.187	22.614.109
Afskrift ársins	4.817.732	5.550	4.823.282
	<u>27.415.654</u>	<u>21.737</u>	<u>27.437.391</u>
Staða 31.12.2021	<u>28.349.868</u>	<u>133.763</u>	<u>28.483.631</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	25.669.462	32.426.945
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.310.000	0
	<u>26.979.462</u>	<u>32.426.945</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	232.190	97.371
	<u>232.190</u>	<u>97.371</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1,1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	4.662.876	6.652.277
Afkoma ársins	8.651.510	(1.989.401)
Jöfnuður 31.12.	13.314.386	4.662.876

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	10.477.685	9.877.137
Önnur ógreidd gjöld	3.001.511	15.898.881
	13.479.196	25.776.018

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga	29.227.853	20.942.570
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	2.308.757	3.054.792
	31.536.610	23.997.362

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	20.942.570	3.054.792	23.997.362
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	13.000.000	13.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	13.732.395	(13.732.395)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13.640	(13.640)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(5.460.752)	0	(5.460.752)
	29.227.853	2.308.757	31.536.610

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 5,6 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ótímabundna þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 145,2 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 5,0 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.